

**Skýrsla**  
**starfshóps um tollasamning og nýjar aðbúnaðarreglugerðir**  
**til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**



**Júní 2016**



Þann 8. apríl 2016 skipaði sjárvarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem hafði það hlutverk að kanna áhrif tollasamnings við ESB, þar sem lagt var mat á hvernig einstaka búgreinar gætu tekist á við afleiðingar samningsins, en einkum var horft til svína- og alifuglaræktar. Jafnframt átti starfshópurinn að meta kostnað og áhrif sem nýjar reglugerðir um velferð búfjár hafa á greinarnar. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands og búgreinafélögum, Samtökum iðnaðarins, utanríkisráðuneytinu auk fulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Nefndin átti að ljúki störfum eigi síðar en 1. júní 2016. Starfshópurinn var þannig skipaður:

Ólafur Friðriksson, ANR, formaður, Rebekka Hilmarsdóttir, ANR, varaformaður, Sindri Sigurgeirsson, Bændasamtökum Íslands, Ingvi Stefánsson, Svínaræktarfélagi Íslands, Ingimundur Bergmann, Félagi kjúklingabænda, til vara Jón Magnús Jónsson, Stefán Símonarson, Félagi eggjaframleiðenda, til vara Geir Gunnar Geirsson, Högni S. Kristjánsson, UTN, til vara Unnur Orradóttir Ramette og Björg Ásta Þórðardóttir, Samtökum iðnaðarins, til vara Gunnar Þór Gíslason.

Starfshópurinn hélt alls sex fundi þar af mætti ráðherra á lokafundinn og sat hann að hluta til.

Í upphafi var farið yfir helstu gögn sem nýst gætu í starfinu, þ.e. viðaukar við tollasamning ESB, greinargerð Vífils Karlssonar hagfræðings um áhrif nýs samnings Íslands um landbúnaðarafurðir við EU, minnisblað RML um kostnaðarmat vegna áhrifa nýrra reglugerða fyrir svínarækt, alifugla, hrossarækt og mink og skýrsla RML um áhrif nýrra reglugerðar um aðbúnað varphæna. Þá var farið yfir reglugerð nr. 1276/2014 um velferð svína og reglugerð nr. 135/2015 um velferð alifugla.

Vífill Karlsson var fenginn á fund starfshópsins og fór hann yfir greinargerð um áhrif nýs samnings um landbúnaðarafurðir við EU og þær forsendur sem stæðu að baki ólíkum sviðsmyndum í greinargerðinni. Þá fór hann yfir nýja sviðsmynd E og forsendur að baki henni, en bent hafði verið á að slíka sviðsmynd vantaði. Þá benti Vífill hópnum sérstaklega á að mjög takmörkuð gögn liggi fyrir varðandi landbúnaðarvörur, ólíkt því sem er í sjávarútvegi.

Þá lögðu Bændasamtök Íslands fram minnisblað um áherslur bænda og voru þær ræddar ítarlega. Áherslur bænda voru eftirfarandi:

- a. Meginkraftan er að nýgerður tollasamningur verði ekki samþykktur.
- b. Komið verði í veg fyrir „kjötleka“ í núverandi kerfi.
- c. Stuðningur vegna kostnaðar við breytingar á grundvelli aðbúnaðarreglugerða.
- d. Takmörkun á innflutningi á kjötvörum sem ekki uppfylla sömu skilyrði og sett eru hér á landi.

Rætt var um áhrif aðbúnaðarreglugerða, háan fjárfestingakostnað og kostnað við að viðhalda erfðaefni ásamt kostnaði við fóður. Þá var lagt fram kostnaðarmat vegna áhrifa nýrra reglugerða fyrir svínarækt, alifugla, hrossarækt og mink, þann 16. nóvember 2015, unnið af Bjarna Árnasyni. Farið var yfir helstu tölur og hvaða áhrif þetta hefði á mismunandi starfsemi greinanna. Fulltrúar ríkisins gerðu ekki athugasemdir við þá útreikninga enda töldu þeir sig ekki hafa forsendur til slíks. Fulltrúar ANR greindu frá því að vilji væri til þess í ráðuneytinu að yfirfara aðbúnaðarreglugerðir í ljósi fenginnar reynslu og að því yrði unnið eftir því sem þörf krefur í samvinnu við bændur og Matvælastofnun.

Fram komu hugmyndir um hvort Byggðastofnun geti lánað svína- og alifuglaræktendum og eggjaframleiðendum fjármuni á hagstæðari kjörum en gengur og gerist. Haft var samband við stofnunina og þar kom fram að þetta væri ekki einfalt mál, ekki síst þar sem takmarkaðar

upplýsingar lægju fyrir um lánskjör til þessara fyrirtækja í almenna bankakerfinu. Þá benti Bygðastofnun á að engar lánsbeiðnir hefðu borist frá þessum aðilum og að þetta séu því ekki atvinnugreinar sem stofnunin þekkir vel til. Spurningunni um það hvort stofnunin geti yfirleitt lánað nefndum greinum/fyrirtækjum, velti á mati í hverju tilviki fyrir sig, en lánin væru þá á almennum lánskjörum stofnunarinnar.

Einnig kom það til umræðu hvort ríkið væri tilbúið til að veita beina styrki til að leggja í fjárfestingar vegna svína- og alifuglaræktar og jafnframt beita sér fyrir hækkun tollverndar með breytingum á magntollum, einkum unnum kjötvörum. Þá kom fram eindregin ósk frá svínabændum um að heimilað yrði að nýta fjármuni til úreldingar sem ætlaðir eru til fjárfestingastyrkja hjá svínabændum.

Upplýst var að ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt 5 ára fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2022 og því getur ráðuneytið ekki lagt til beina styrki í fjárfestingar vegna svína- og alifuglaræktar umfram það sem er í búvörusamningum. Eins var upplýst að ákvörðun um hækkun tollverndar með breytingum á magntollum sem samið var um í búvörusamningum væru nú í höndum Alþingis.

Fulltrúi Samtaka iðnaðarins ræddi um vanda ýmissa fyrirtækja í samkeppnisiðnaði vegna sammingsins við ESB þar sem tollar eru felldir niður en fyrirtæki í Evrópu hefðu aðgang að ódýrara landbúnaðarhráefni til sinnar vinnslu. Slík staða skekkir samkeppnismöguleika íslenskra fyrirtækja. Rætt var um hvort ætti að beina því til stjórnvalda að þau myndu leiðir til að jafna hráfniskosnað (undanrennu- og mjólkurduft, o.fl.) í samkeppnisiðnaði, s.s. vegna framleiðslu á súkkulaði og ís. Fram komu sjónarmið að samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins ætti ekki að fjalla um aðrar greinar en svína- og alifuglarækt. Eftir frekari umræður varð niðurstaðan sú að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ætti frumkvæðið að því að koma á samtali milli Bændasamtaka Íslands, Mjólkursamsölnunar og Samtaka iðnaðarins um að finna leiðir til að jafna hráfniskostnað (undanrennu- og mjólkurduft, o.fl.) í samkeppnisiðnaði, s.s. vegna framleiðslu á súkkulaði og ís.

#### **Niðurstöður starfshópsins:**

Starfshópurinn var sammála um að leggja til við ráðherra eftirfarandi atriði í a. til h. lið í þeim tilgangi að koma til móts við áhrif tollasammings Íslands og ESB, einkum er varðar svína- og alifuglabændur og áhrif sem nýjar reglugerðir um velferð búfjár hafa á greinarnar. Bókanir einstakra fulltrúa í starfshópnum er að finna í viðauka við minnisblað þetta.

- a. Að skorti á tilteknum skrokkhlutum verði beint inn í tollkvóta með því að afmarka hluta ESB tollkvótans fyrir þá vöruflokkum sem skortur er á.
- b. Að við útreikning á magni tollkvóta við innflutning verði miðað við ígildi kjöts með beini, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.
- c. Að tollkvótum verði úthlutað oftár á árinu, allt að fjórum sinnum í stað einu sinni, til þess að viðhalda jafnara flæði inn á íslenskan markað.
- d. Stjórnvöld leiti allra leiða til að setja frekari reglur um fyrirkomulag innflutnings, m.t.t. gæðakrafna, einkum og sér í lagi að því er snertir lyfjanotkun og heilbrigðiskröfur til afurða.
- e. Stjórnvöld skipi starfshóp sem verði falin greining á stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart mögulegum breytingum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Sérstöku fjármagni verði veitt í slíka greiningarvinnu.
- f. Að heimilað verði að nýta fjármuni til úreldingar sem ætlaðir eru til fjárfestingar hjá svínabændum.

- g. Að leitað verði leiða til að andvirði tekna af útboði tollkvóta fyrir hvítt kjöt verði ráðstafað til fjárfestinga og stuðnings við svína- og alifuglabændur til að uppfylla kröfur vegna nýrra aðbúnaðarreglugerða.
- h. Að stofnaður verði nýr lánaflokkur hjá Byggðastofnun fyrir svína- og alifuglabændur með lægri vaxtakjör en á öðrum lánunum sem þessar greinar hefðu aðgang að til að mæta nýjum aðbúnaðarreglugerðum.

*Reykjavík, 2. júní 2016*

---

Sindri Sigurgeirsson  
(Bændasamtök Íslands)

---

Stefán Símonarson  
(Félag eggjaframleiðenda)

---

Ingvi Stefánsson  
(Svínaræktarfélag Íslands)

---

Björg Ásta Þórðardóttir  
(Samtök iðnaðarins)

---

Ingimundur Bergmann  
(Félag kjúklingabænda)

---

Högni S. Kristjánsson  
(utanríkisráðuneytið)

---

Ólafur Friðriksson, formaður  
(atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið)

### **Viðauki**

Bókanir einstakra fulltrúa starfshópsins.

### **Fulltrúar bænda.**

Að magntollar verði uppfærðir í samræmi við verðlag. Þeir tollar sem hægt er að hækka án breytinga á samningum milli ríkja verði uppfærðir strax en farið verði í viðræður um hækkun magntolla sem eru bundnir í milliríkjasamningum.

### **Samtök iðnaðarins.**

Niðurfelling tolla af fullunninni vöru skekkir samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda ef þeir geta ekki nálgast hráefni á sama verði og erlendir keppinautar þeirra. Almennt má fullyrða að stefna stjórnvalda annarra ríkja gengur frekar en hitt út á að verja og styðja við innlendar greinar og innlend störf. Tollasamningur Íslands við Evrópusambandið gerir hið gagnstæða gagnvart innlendri framleiðslu á Íslandi sem þarf að nýta sér landbúnaðarhráefni til vinnslu. Ekki er hægt að útiloka að hagsmunum framleiðenda verði betur borgið með því að hefja framleiðslu erlendis og flytja inn fullunnar vörur. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu var starfshópnum ætlað að fjalla um áhrif tollasamninganna á alla íslenska framleiðslu í sem víðustu samhengi en niðurstöður hans fjalla svo til eingöngu um viðbrögð við auknum tollkvótum á kjötvörum. Afar mikilvægt er að skoða einnig áhrif samningsins á samkeppnishæfni afurða úr öðrum landbúnaðarhráefnum s.s. mjólkurdufti, smjöri og eggjum sem eru veruleg. Samtök iðnaðarins gera því þá kröfu að stjórnvöld leiti allra leiða til að gera íslenskum framleiðendum kleift að nálgast landbúnaðarhráefni á verði sem er samkeppnishæft við það sem erlendir keppinautar njóta.

### **Félag kjúklingabænda.**

Vegna „Niðurstöðu starfshóps“ á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem skipaður var til „að kanna áhrif tollasamnings við ESB þar sem lagt verður mat á hvernig einstakar búgreinar geta tekist á við afleiðingar samningsins, en einkum verður horft til svína- og alifuglaræktar“ vill Félag kjúklingabænda koma eftirfarandi á framfæri:

- Texti sá sem settur er fram undir lið d, tekur ekki á því ósamræmi sem er milli þeirra krafna sem gerðar eru varðandi hreinleika afurðanna á Íslandi annars vegar og ESB-landa hins vegar. Á Íslandi eru, svo dæmi sé tekið, gerðar ríkar kröfur til hreinleikans, hvað varðar mengun af Salmonella og Campylobacter. Þær reglur eru í besta falli í mótun í ESB.
- Rétt er einnig að benda á, að vísindamenn víðsvegar um heim hafa varað mjög við fjölgun fjölonæmra baktería í matvælum. Ísland er nær alveg laust við þann vanda vegna þess að íslenskir bændur nota afar lítið af lyfjum við sína framleiðslu.
- Eins og fram kemur hér að ofan var það hlutverk hópsins „að kanna áhrif tollasamnings við ESB [...]“, einkum með tilliti til svína og alifuglaræktar. Ekki verður séð af „niðurstöðunni“ að slíkt mat sé fyrir hendi. Undir lið e virðist vera gerð tilraun til að komast frá því verkefni með afar óljósu orðalagi, sem engan vegin tekur á þeim vanda sem hópnun var falið að takast á við, þ.e. títtnefndum tollasamningi við ESB sem kynntur var til sögunnar á haustdögum 2015.
- Eftirfarandi texta má lesa í þingskjali 1338, Tillögu til þingsályktunar á blaðsíðu 3:
- „Í maí 2011,[...] , fóru Landssamtök sláturleyfishafa og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði þess á leit við stjórnvöld að þau beittu sér fyrir samningum við ESB um stærri tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir lambakjöt [...]. Ástæða þessa var sú að stóraukin viðskipti áttu sér stað með lambakjöt inn til ESB á þessum tíma [...]"

Í texta þessum kemur það fram, að verið er að óska eftir kvóta fyrir lambakjöt.

Einnig er það gefið til kynna, að einhverjir ótilgreindir aðilar í alifuglarækt, hafi óskað eftir tollkvóta til ESB. Félag kjúklingabænda kannast ekki við að þess hafi verið óskað.

Fram til þessa hafa íslensk stjórnvöld samið um tollkvóta fyrir lambakjöt inn til ESB í skiptum fyrir tollkvóta fyrir alifugla- og svínakjöt inn til Íslands. Á þessu virðist ekki hafa orðið nein breyting, því eins og fram kemur í samningnum, er skipt á 1500 tonna viðbótarkvóta fyrir lambakjöt inn til ESB, fyrir 1356 tonn af alifugla- og svínakjöti auk 596 tonna af nautakjöti, inn til Íslands.

ESB fær ekki kvóta fyrir svo mikið sem eitt kg af lambakjöti inn til Íslands.

### **Svínaræktarfélag Íslands.**

Svínabændur harma hvernig staðið hefur verið að gerð tollasamnings við ESB, í því samhengi er rétt að vekja athygli á eftirfarandi:

- Engin greining var gerð af hálfu stjórnvalda til að meta áhrif samningsins á íslenskan landbúnað.
- Aftur er farin sú leið – eins og gert var í tollasamningi við ESB 2007 – að sækja auknar útflutningsheimildir fyrir lambakjöt og mjólkurafurðir á markaði ESB gegn stórauðnum innflutningsheimildum á svínakjöti og kjúkling.
- Þróun síðustu ára sýnir skýrt að samhliða stórauðnum innflutningi á svínakjöti hefur verið til neytanda hækkað á meðan verið til svínabænda hefur lækkað umtalsvert. Slík þróun er því ekki síður áhyggjuefni fyrir íslenska neytendur en svínabændur.
- Auknar innflutningsheimildir á svínakjöti frá löndum ESB skekkir enn frekar samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart erlendri samkeppni. Þannig býr innlend svínarækt við mun strangara regluverk varðandi lyfjanotkun, aðbúnað og dýravelferð. Bændur fagna þeim kröfum en undrast á sama tíma að ekki séu gerðar sambærilegar kröfur til innfluttu vörunnar.
- Einnig er rétt að minna á að innlend svínarækt nýtur engra opinberra styrkja í sinni framleiðslu ólíkt svínarækt innan ESB.
- Svínabændur telja nauðsynlegt að mótuð verði heildstæð stefna í samráði við stjórnvöld um starfsumhverfi greinarinnar til næstu 10 ára. Þannig verður vart lengur við það unað að svína- og kjúklingabændur sem eru með vel yfir 50% hlutdeild í innlendum kjötmarkaði verði haldið utan við búvörusamninga eins og raunin hefur verið til þessa.